

Fundargerð 338. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 7. apríl 2026
Fundartími: 17:00-18:03
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1) Kynning frá verkefnastjóra úrgangsmála hjá SASS

Árni Magnússon verkefnastjóri úrgangsmála hjá SASS kom inn á fundinn og kynnti þau störf sem hann mun fást við á sviði úrgangsmála fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar Árna Magnússyni fyrir greinargóða kynningu.

2) Fundargerð skipulagsnefndar nr. 322, dags. 25.03.2026

a) Oddgeirshólar land L166270; Hitaveituhola; Umsagnarbeiðni – 2603074

Lögð er fram til umsagnar umsókn um starfsleyfi vegna mengandi starfsemi í landi Oddgeirshóla L166270. Áætlað er að jarðborinn Ólafur eða Tröllli komi og bori 600m lághitaholu að beiðni Hitaveitu Hraungerðishrepps sf.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn og vísar málinu til kynningar og umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framláða umsókn um starfsleyfi vegna mengandi starfsemi. Umsóknin snýr að borun á lághitaholu í landi Oddgeirshóla land L166270.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Mosató 3 hótél L225133; Skógræktar- og landgræðslusvæði SL6 og reitur VÞ11; Leiðréttar stærðir og aukið byggingarmagn; Aðalskipulagsbreyting – 2601073

Lögð er fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6 og verslunar- og þjónustureits VÞ11 í landi Hnauss 2. Með tillöggunni er lagt til að afmörkun reits VÞ11 verði skýrð og reiturinn stækkaður um 0,85 ha til norðausturs inn á hluta svæðis SL6, þannig að heildarstærð reitsins verði 3,5 ha, auk þess sem byggingarmagn innan reitsins verði aukið úr 3.700 m² í 4.500 m². Jafnframt er lögð syðri fláka íbúðarsvæðis ÍB17 leiðrétt til samræmis við rétta afmörkun lóðarinnar Mosató 2.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja aðalskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framlögð aðalskipulagsbreyting tekur til skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6 og verslunar- og þjónustureits VÞ11 í landi Hnauss 2. Sveitarstjórn bendir á að æskilegt væri að skoða heildar skipulag svæðisins í kringum Mosató.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Langholt 1 L166247: 3 Landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag – 2510083

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags, eftir auglýsingu, sem tekur til Langholts 1 L166247 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru þrjár nýjar lóðir sem teknar eru úr landi Langholts. Gert er ráð fyrir einum byggingarreit innan hvernar lóðar þar sem heimilt er að byggja íbúðarhúsnæði, bílageymslu, gesthús, skemmu og gróðurhús. Umsagnir og athugasemdir bárust við kynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til Langholts 1 L166247 eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur farið yfir þau viðbótargögn sem bárust frá landeiganda Langholts 2 fyrir fund sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur ekki fallist á þau rök að landeigandi Langholts 2 hafni umferð um Hallandaveg nr. 3156 enda er sá vegur skilgreindur sem héraðsvegur í vegaskrá og telst Hallandavegur nr. 3156, sem skráður er 150m frá Oddgeirshólavegi að Hallanda 1, til þjóðvega og því ætlaður almenningi til frjálsrar umferðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við aðkomu um einkaveg að Höfða og Höfða 1 eftir að Hallandavegi nr. 3156 sleppir en bendir á að vegna þjónustu frá sveitarfélaginu svo sem vegna sorphirðu, brunavarna, skólaaksturs og snjómoksturs þarf einkavegurinn að uppfylla eðlilegar kröfur svo hægt sé að veita lögbundna þjónustu af hendi sveitarfélagsins. Ekki bárust athugasemdir frá Vegagerðinni á auglýsingatíma deiliskipulagstillögunnar hvað varðar aðkomu um héraðsveginn Hallandaveg nr. 3156.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Svarfhólsvegur 1 L229165; Byggingarreitur stækkaður; Deiliskipulagsbreyting – 2603045

Lögð er fram tillaga óverulegrar deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Svarfhólsvegar 1, L229165. Í breytingunni felst að byggingarreitur aðstöðuhúss er stækkaður um 14 metra til austurs svo byggja megi við það þeim megin.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að framlögð breyting á deiliskipulagi, sem tekur til Svarfhólsvegar 1, L229165, fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að byggingarreitur aðstöðuhúss er stækkaður um 14 metra til austurs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3) Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 246, dags. 18.03.2026 og nr. 247, dags. 27.03.2026

Lagðar fram til kynningar.

4) Drög að reglum um endurgreiðslur vegna aðgangs að sundstöðum

Fyrir liggja drög reglum Flóahrepps um endurgreiðslur vegna aðgangs að sundstöðum. Reglurnar eru settar til að tryggja börnum, ungmennum og eldri íbúum Flóahrepps jafnan aðgang að sundstöðum með það að markmiði að stuðla að heilsuefningu, félagslegri virkni og bættri líðan.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að árlegar endurgreiðslur við gildistöku á reglum verði eftirfarandi skv. 2. gr. framlagðra reglna:

Börn og ungmenni að 18 ára	10.000 kr á ári
Íbúar frá 67 ára	10.000 kr ár ári

Upphæðir árlegrar endurgreiðslu skal endurskoða árlega við gerð fjárhagsáætlunar komandi árs. Sveitarstjóra falið að kynna breytt fyrirkomulag vegna aðgangs að sundstöðum á heimasíðu og á öðrum viðeigandi miðlum og leita samstarfs við öldungaráð vegna kynningar fyrir eldri íbúum. Samþykkt með 5 atkvæðum.

5) Drög að reglum um umhverfisverðlaun í Flóahreppi

Fyrir liggja drög að reglum um val á umhverfisverðlaunum í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar reglur um val á umhverfisverðlaunum í Flóahreppi og að á árinu 2026 verði verðlaun veitt til lögbýlis eða íbúðarhúss skv. nýjum reglum. Á árinu 2027 verði svo veitt verðlaun til fyrirtækis, félagasamtaka eða lögaðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6) Brunavarnaráætlun Brunavarna Árnessýslu

Fyrir liggur brunavarnaáætlun Brunavarna Árnessýslu til samþykktar í sveitarstjórn. Áætlunin hefur þegar verið samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir á 338. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var í Þingborg 7. apríl 2026, Brunavarnaáætlun Brunavarna Árnessýslu sem ber auðkennið 09-03-2026 09:00. Gildistími áætlunarinnar er frá febrúar 2026 til febrúar 2031.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7) Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi – Seinni umræða

Fyrir liggur samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi í síðari umræðu. Samþykktin verði birt í B deild Stjórnartíðinda og um leið falli eldri samþykkt nr. 1198/2019 úr gildi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8) Samþykkt um fráveitur í Flóahreppi – Seinni umræða

Fyrir liggur samþykkt um fráveitur í Flóahreppi til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða samþykkt um fráveitur í Flóahreppi í síðari umræðu með breytingum á orðalagi í 5. gr. hvað varðar tengingu við fráveitu sveitarfélagsins ef fráveita var ekki komin þegar húseign var byggð og sveitarfélagið fer fram á að húseign tengist við fráveitu. Sveitarstjóra falið að uppfæra 4. mgr. 5. gr. samþykktar. Samþykktin verði birt í B deild Stjórnartíðinda og um leið falli eldri samþykkt frá 16. desember 2020 úr gildi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9) Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 337, dags. 17.03.2026

b) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. dags. 30.03.2026 ásamt ársreikningi 2025 og viðauka I við fjárhagsáætlun 2026

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka I við fjárhagsáætlun 2026 byggðasamlags Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. Viðauki I er alls 5.160.000 kr og er mætt með viðbótarframlögum frá aðildarsveitarfélögum í samræmi við samþykktu kostnaðarskiptingu í stofnsamningi byggðasamlagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Stjórnar Tónlistarskóla Árneshvíls nr. 217 ásamt ársreikningi 2025

d) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 253 ásamt ársreikningi 2025

e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 995, dags. 10.03.2026 og nr. 996, dags. 20.03.2026

- f) Arnardrangs hses nr. 26 dags. 23.03.2026 ásamt ársreikningi 2025
- g) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 90, dags. 28.01.2026
- h) Stjórnar Byggðasafns Árneseinga nr. 21, dags. 16.03.2026 ásamt ársreikningi 2025
- i) Umhverfis- og samgöngunefndar nr. 11 dags. 30.03.2026
Varðandi lið 2 í fundargerð umhverfis- og samgöngunefndar þá samþykkir sveitarstjórn að opnir hreinsunardagar verði dagana 25.-30. maí að báðum dögum meðtöldum.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

10) Efni til kynningar

- a) Frá Vegagerðinni – Horfum fram á veginn, ráðstefna 15.04.2026
- b) Umsögn Flóahrepps um 501. mál – sveitarstjórnarlög
- c) Frá Samkeppniseftirlitinu – Opinber innkaup
- d) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Stefna um opinbera þjónustu
- e) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 529. og 230. mál – Lagareldi og lax og silungsveiði
- f) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 565. mál – verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur)
- g) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 568. mál – Stofnun atvinnuveganna
- h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. apríl kl. 17:00.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson
Walter Fannar Kristjánsson
Hulda Kristjánsdóttir